



15. stjórnarfundar LH 26. maí 2014

Símafundur milli kl. 12:20 – 13:15

Mættir aðalmenn: Þorvarður Helgason, Sigurður E. Ævarsson, Erla Guðný Gylfadóttir, Sigrún Þórðardóttir, Oddur Hafsteinsson og Haraldur Þórarinsson.

Fjarverandi aðalmenn: Andrea M. Þorvaldsdóttir.

Dagskrá

Á dagskrá fundarins var eitt mál: **málefni tungubogaméla með vogarafli**

Á 14. fundi stjórnar LH, 4. dagskrárlíð, var rætt um tungubogamálið og á þeim fundi ákvað stjórnin að fá lögfræðing til að lesa lög sambandsins og í framhaldinu gera minnisblað um hvort stjórn væri heimilt að banna tungubogamél með vogarafli út frá lögum LH, FEIF, FEI og dýraverndarlögum. Niðurstaða lögfræðings var sú að stjórn LH væri heimilt útfrá lögfræðialiti frá Guðjóni Ármannssyni hrl. hjá LEX lögmannsstofu að banna þennan búnað.

Því ákvað stjórn Landsambands hestamannafélaga 26. maí 2014 að fara að áskorun yfirdýralæknis um að banna notkun á mélum með tunguboga og vogarafli í keppni. Ákvörðunin er byggð á rannsóknum Sigríðar Björnsdóttur og Þorvaldar Kristjánssonar sem sýnir að slík mál eru afgerandi áhættuþáttur fyrir áverka á kjálkabeini hjá keppnishestum. Mál teljast vera með tunguboga þegar hæðarmunur frá neðri kanti á endastykki upp í neðri kant á efsta hluta (miðhluta) málanna er meiri en 0,5 sm. Öll mál með stöngum og/eða keðju teljast mál með vogarafli.

Bann þetta tekur þegar gildi, eða frá og með 27. maí 2014. Stjórn LH mun leggja þessa niðurstöðu sína og þá nýjar upplýsingar ef fram eru komnar, fyrir landsþing LH sem haldið verður á Selfossi dagana 17. – 18. október 2014.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundargerð ritaði Haraldur Þórarinsson.